



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2008

Ársskýrsla 2008

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2009/6

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Ljósmyndir: Gunnlaugur Júlíusson

Ingibjörg Hinriksdóttir

Magnús Karel Hannesson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Inngangur

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem stjórn og starfsmenn sambandsins hafa fengist við á árinu 2008. Þessum verkefnum og viðfangsefnum má skipta í þrjú meginflokkka. Í fyrsta lagi eru það föst verkefni sem skilgreind eru í samþykktum sambandsins og lögum um hlutverk þess. Ákveðin verkaskipting gildir í skipulagi sambandsins til að auðvelda stjórnendum og starfsmönnum að sinna þessu hlutverki og standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra – að gæta á fjölbreyttan og vandaðan hátt hagsmuna allra sveitarfélaga er leiðarljósið.

Í öðru lagi eru það stefnuákvörðuð viðfangsefni. Fyrsta landsþing eftir sveitarstjórnarkosningar setur fram ítarlega stefnumörkun og markmið fyrir komandi kjörtímabil. Í framhaldinu er gerð aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum á vegum stjórnar, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra hjá sambandinu. Á árlegum landsþingum er síðan farið yfir stöðuna. Í sumum tilfellum hafa aðstæður breyst. Ekki er unnt að ná markmiðum, eldri stefnumið verða úrelt eða ný koma upp. Stefna sambandsins eins og hún er hverju sinni ræður því að stórum hluta þeim viðfangsefnum sem starfsmenn sambandsins sinna.

Í þriðja lagi koma upp óvænt atvik sem breyta áherslum og forgangsroðun verkefna. Skýrasta og stærsta

dæmið um slíkt er efnahagshrunið í byrjun október. Það hefur haft mikil áhrif á starfsemi sambandsins sem vara enn. Sýnilegasta birtingarmynd þess fyrir sveitarstjórnarmenn er mikil aukning í upplýsingaflæði, bæði frá sambandinu til sveitarfélaga og einnig frá sveitarfélögum til sambandsins. Þessar upplýsingar hafa flestar verið beintengdar þessum efnahagsþrengingum. Heimasíða sambandsins hefur með þessu þróast enn frekar í að verða nokkurs konar upplýsingabrunnur fyrir sveitarstjórnarmenn.

Það er von mín að árskýrslan fyrir árið 2008 gefi skýra mynd af því hvernig stjórn og starfsmenn sambandsins sinntu hlutverki sínu og leituðust við að standa undir mikilvægum skyldum sínum gagnvart sveitarfélögunum.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs haft umsjón með gerð árskýrslunnar og kann ég honum bestu þakkir fyrir vel unnið starf.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Viðbrögð við efnahagsvanda

Frá október og til ársloka 2008 má segja að starfsemi sambandsins hafi í stórum dráttum tekið mið af þeim efnahagsferfiðleikum sem riðu yfir þjóðina í byrjun október. Haldinn var aukafundur í stjórn sambandsins 10. október. Þar var samþykkt sameiginleg yfirlýsing stjórnar sambandsins og ráðherra sveitarstjórnarmála, þar sem segir m.a.:

„Í þeim efnahagsþrengingum sem landsmenn standa nú frammi fyrir er brýnt að ríki og sveitarfélög standi þétt saman. Tryggja verður að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki, þrátt fyrir tekjusamdrátt og kostnaðarhækkanir. Sveitarfélögin gegna afar mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustunni á sviði fræðslu- og félagsþjónustu sem á tímum sem þessum er nauðsynlegt að njóti forgangs.

Nú ríður á að innan sveitarstjórna ríki einhugur og samheldni. Styrkur sveitarfélaga til að takast á við þann efnahagsvanda sem nú er við að glíma er mismikill. Hvatt er til þess að sveitarfélög endurskoði fjárhagsáætlanir sínar og geri aðgerðaáætlanir þar sem forgangsröðun verkefna miði að því að treysta stoðir grunnþjónustunnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðuneyti sveitarstjórnarmála munu beita sér fyrir auknu og nánara samráði ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og framkvæmd opinberrar þjónustu. Í því skyni munu ráðherra sveitarstjórnarmála og forysta sambandsins eiga tíða samráðsfundi og auka gagnkvæmt upplýsingaflæði um fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Meginmarkmið aðila er að vinna sameiginlega að því treysta velferð landsmanna til framtíðar.“

Þá var í yfirlýsingunni fjallað um mikilvægi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir sveitarfélögin.

Þann 17. október var efnt til samráðsfundar sveitarfélaga þar sem fjallað var um efnahagsvandann, afleiðingar hans og ræddar lausnir. Til fundarins mættu oddvitar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, stjórn sambandsins, ráðherra sveitarstjórnarmála og starfsmenn sambandsins. Að fundinum loknum áttu formaður og framkvæmdastjóri sambandsins samráðsfund með ráðherra sveitarstjórnarmála og starfsmönnum samgönguráðuneytisins. Þar var farið yfir þá þætti sem sveitarstjórnarmenn lögðu áherslu á að unnið væri að á vegum sambandsins, ríkisstjórnar og Alþingis til þess að létta sveitarfélögunum róðurinn við að komast í gegnum þau miklu vandamál sem sveitarfélögin og íbúar þeirra stóðu frammi fyrir í bráð og lengd.

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins sátu marga samráðsfundi með ráðherra sveitarstjórnarmála og öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, með fulltrúum aðila á vinnumarkaði og fleirum fyrstu vikunnar eftir hrun bankakerfisins.

Frá byrjun október varð mikil breyting á viðfangsefnum starfsmanna sambandsins og hafa störf þeirra á einn eða annan hátt tengst efnahagsvandannum síðustu vikur og mánuði.

Hag- og upplýsingasvið sambandsins brást við breyttum aðstæðum á ýmsan hátt. Þegar var gengið í það að safna upplýsingum um rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi sveitarfélaganna með bráðabirgðauppgjöri.

Horft yfir Patreksfjörð



Upplýsingarnar bárust í lok október og byrjun nóvember. Niðurstöður þeirra voru notaðar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem grunnur til að spá fyrir um fjárhagslega stöðu þeirra og líklega útkomu á árinu 2008. Eins hafa þær verið nýttar til að leggja gróft mat á líklega þörf fyrir aðkomu eftirlitsnefndar sveitarfélaga að fjármálum þeirra. Í framhaldi af þessu gaf hag- og upplýsingasvið út tvær skýrslur. Hin fyrri fjallaði um fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna og hin síðari um undirbúning og vinnslu fjárhagsáætlunar.

Þá þótti sýnt að auka þyrfti öflun samtímaupplýsinga um fjármál sveitarfélaga og birta niðurstöður þeirra með skilvirkari hætti en gert hefur verið til þessa. Afkoma sveitarfélaganna verður erfiðari en áður og því mikilvægt að fylgjast nákvæmlega með hvernig þróunin í fjármálum sveitarfélaganna er. Í samvinnu við Hagstofu Íslands og samgönguráðuneytið var því skipulagt og hrint af stað sérstöku verkefni um öflun mánaðarlegra upplýsinga um helstu atriði í fjármálum sveitarfélaganna. Niðurstöður úr þessari upplýsingasöfnun verða birtar í sérstöku rafrænu fréttabréfi sem verður aðgengilegt á vef sambandsins. Fyrsta tölublað fréttabréfsins kom út í janúar 2009.

Lögfræðisvið og þróunar- og alþjóðasvið annaðist jafnframt eftirfarandi verkefni sem tengdust breyttri stöðu sveitarfélaga í því erfiða starfsumhverfi sem við blasti eftir fall bankanna:

- samráð við sveitarfélögin um áhrif þess að fjölmargir lóðahafar sem ekki höfðu hafið byggingarframkvæmdir kusu að skila lóðum og óska eftir endurgreiðslu á gatnagerðargjaldi og byggingarréttargjaldi. Þessar endurgreiðslur

höfðu gríðarleg áhrif á lausafjárstöðu margra sveitarfélaga. Í kjölfar samráðsfundar sem haldinn var í lok október var ákveðið að skipa starfshóp til að yfirfara skilmála sveitarfélaga um lóðaúthlutun og kanna kosti þess að samræma þá. Þeirri vinnu er ólokið.

- sambandið óskaði eftir því við samgönguráðherra að lagt yrði fram frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um gatnagerðargjald. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í lok nóvember en varð ekki að lögum á haustþingi. Í frumvarpinu er lagt til að lögveðsréttur vegna krafna um greiðslu fasteignaskatts verði tímabundið lengdur úr tveimur árum í fjögur. Jafnframt er lagt til að greiðslufrestur sveitarfélaga vegna endurgreiðslu á gatnagerðargjaldi verði lengdur úr 30 dögum í 90 daga og að verðtrygging verði afnumin vegna endurgreiðslna. Frumvarpið varð að lögum í mars 2009.
- athugun á réttarstöðu sveitarfélaga sem töpuðu fjármunum sem þau áttu í peningamarkaðssjóðum bankanna. Fulltrúi sambandsins tók m.a. þátt í samráðsferli um málið sem skipulagt var af Talsmanni neytenda.
- gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um skilgreiningu grunnþjónustu á sviði fræðslumála. Þeirri vinnu lauk í desember 2008 með útgáfu leiðbeininga. Þróunar- og alþjóðasvið tók saman hliðstæðar leiðbeiningar um grunnþjónustu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga.
- athugun á lögfræðilegum álitamálum um heimildir sveitarfélaga til að breyta ákvörðun um

Sólarlag og flutningaskip í Kópavogshöfn



útsvarshlutfall. Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands var fenginn til að semja álitssgerð um málið. Álitssgerð lá fyrir í lok desember 2008 þar sem fjallað er um þær takmarkanir sem ákvæði stjórnarskrárinnar setja sveitarfélögum við slíkar ákvarðanir, m.a. með tilliti til þess hvort ákvarðanir geti gilt afturvirk.

Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála

Verkefninu í heild miðaði mjög hægt á árinu. Meginástæðan er sú að ekki náðist niðurstaða í skiptingu verkefna á sviði öldrunarþjónustu milli heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis. Verkefnisstjórnin einbeitt sér því að vinnu við yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, en hélt þó áfram viðræðum við heilbrigðisráðuneytið. Heilbrigðisráðherra upplýsti undir lok árs, að hann væri tilbúinn til þess að ræða við sveitarfélög um að taka að sér, á grundvelli þjónustusamninga, heilbrigðisþjónustu í víðum skilningi, s.s. heimahjúkrun, rekstur hjúkrunarheimila og heilsugæslu.

Á fundi stjórnar sambandsins í ágúst 2008 var fjallað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála og lögð fram áfangaskýrsla undirnefndar um yfirfærslu ábyrgðar á félagsþjónustu við fatlaða. Á fundinum var eftirfarandi bókun samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir ánægju sinni með störf undirnefndar um málefni fatlaðra og þá áfangaskýrslu sem hún hefur nú skilað. Á vettvangi

sambandsins hefur verið samþykkt að vinna skuli að því að sveitarfélögin yfirtaki frá ríkinu verkefni á sviði þjónustu við fatlaða og aldraða og er undirbúningur að flutningi málefna fatlaðra mun lengra kominn. Niðurstöður og áfangaskýrsla nefndarinnar eru í samræmi við stefnumörkun sambandsins.

Stjórnin telur rétt að á þessu stigi staðfesti ríkisstjórnin og sambandið þann áfanga sem náðst hefur í verkefninu og geri með sér formlegt samkomulag um næstu skref þess.

Stjórnin leggur áherslu á að skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna á þjónustu við fatlaða í lögum verði skýr og vel skilgreind og að samkomulag um tekjustofna til handa sveitarfélögum tryggji þeim tekjur til að mæta þeim skyldum. Jafnframt verði tekjustofnar sveitarfélaganna endurskoðaðir reglulega í ljósi reynslunnar af framkvæmd laganna. Hefja þarf sem fyrst vinnu við útfærslu á tekjustofnum til sveitarfélaganna til að mæta kostnaði við verkefnið. Tillögur þar að lútandi þurfa að liggja fyrir áður en hafin er kynning á verkefninu á vettvangi sveitarfélaganna. Stjórnin telur eðlilegt að sambandið komi að undirbúningi og framkvæmd slíkrar kynningar.

Stjórnin hvetur sveitarstjórnir og landshlutasamtök til að taka framangreinda verkefnatilfærslu til umfjöllunar og ræða hvernig sveitarfélögin hyggist taka við verkefninu ýmist ein sér eða í samvinnu við önnur sveitarfélög.“

Unnið var að gerð viljayfirlýsingar ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga á grundvelli framangreindrar bókunar og var hún til umfjöllunar í upphafi árs 2009.

Samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga var haldinn í apríl 2008.



XXII. landsþing sambandsins

Landsþing sambandsins, það 22. í röðinni, var haldið í Reykjavík í apríl. Á þinginu áttu seturétt 155 fulltrúar frá 79 sveitarfélögum, framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, og formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga. Til þingsins mætti 127 kjörnir fulltrúar frá 70 sveitarfélögum auk 32 fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

Helstu umfjöllunarefni landsþingsins voru staðan í viðræðum sveitarfélaganna við ríkisvaldið um flutning verkefna á sviði velferðarmála frá ríki til sveitarfélaga og stefna og aðgerðaráætlun sambandsins á árunum 2008 til 2010.

Á landsþinginu voru kjörnir nýir aðalmenn í stjórn sambandsins í stað þeirra stjórnarmanna sem tekið höfðu sæti á Alþingi við alþingiskosningar vorið 2007. Kosningu hlutu Dagur B. Eggertsson í stað Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, Svandís Svavarsdóttir í stað Árna Þórs Sigurðssonar, Gunnar Einarsson í stað Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, Sigrún Björk Jakobsdóttir í stað Kristjáns Þórs Júlíussonar og Aldís Hafsteinsdóttir í stað Bjarkar Guðjónsdóttur. Öll höfðu þau setið í stjórninni sem varamenn um nokkurt skeið. Þá voru kjörnir nýir varamenn í stjórn, þau Oddný Sturludóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Haraldur Sverrisson, Jónína Magnúsdóttir og Sigurður Valur Ásbjarnarson.

Samráðfundur ríkis og sveitarfélaga

Í apríl var haldinn samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga, sem formaður, framkvæmdastjóri og nokkrir stjórnarmenn sátu, ásamt sviðsstjórum sambandsins.

Ráðherra sveitarstjórnarmála sat fundinn af hálfu ríkisstjórnarinnar, ásamt embættismönnum úr samgönguráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Fjármálaráðherra hafði ekki tök á því að sitja fundinn vegna veikinda.

Á fundinum var undirritaður nýr samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaga og einnig viðauki við sáttmálan sem kvað á um skipan fjögurra manna nefndar, til eins ár, til að auka traust og formfestu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, bæta stjórnarsýslu og efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig. Nefndin á að fjalla m.a. um álitamál um kostnaðarskiptingu og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna sameiginlegra verkefna, verkefni þeirra, tekjustofna og kostnaðarmat vegna nýrra laga og reglugerða.

Í nefndina voru skipaðir af hálfu sveitarfélaganna Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, og Dagur B. Eggertsson, stjórnarmaður í sambandinu og borgarfulltrúi í Reykjavík, og af hálfu ríkisins ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Nefndin, sem hefur verið kölluð Jónsmessunefndin, kom saman tvisvar á árinu og hefur árangur af starfi hennar verið langt undir þeim væntingum sem fulltrúar sveitarfélaganna gerðu sér vonir um.

Erlend samskipti

Í byrjun maí var haldin hér á landi fulltrúafundur Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða – CEMR. Fundinn sóttu rúmlega 120 pólitískir forvígismenn

Djúpavík á Ströndum.



evrópskra borga og sveitarfélaga í 21 landi. Þessi fundur er stærsti alþjóðlegi viðburðurinn á sveitarstjórnarstigi sem haldinn hefur verið hér á landi. Fundurinn tókst í alla staði mjög vel og er ljóst að hann hefur komið íslenskum sveitarfélögum á Evrópukortið hjá evrópskum sveitarfélögum og héruðum.

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs annaðist undirbúning fundarins, ásamt forstöðumanni Brussel-skrifstofu sambandsins.

Í tengslum við CEMR-fundinn var haldinn samráðsfundur yfirmanna alþjóðamála í sveitarfélagasamböndunum á Norðurlöndunum og í baltnesku ríkjunum. Fundurinn var haldinn í Hveragerði og tókst vel.

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs tók þátt í nokkrum erlendum fundum og ráðstefnum á árinu, m.a. fundi samráðshóps norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræðismál í mars og ráðstefnu ESB um gæði í opinberri stjórnsýslu í október.

Formaður og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs tóku þátt í ráðstefnu CEMR um þróun sveitarstjórnarstigsins í Evrópu sem haldin var í tengslum við framkvæmdastjórafund CEMR í Kaupmannahöfn um mánaðamótin september/október.

Framkvæmdastjóri sambandsins sótti árlegan fund framkvæmdastjóra sveitarfélagasambandanna á Norðurlöndum, sem haldinn var í Tromsø í Noregi í ágúst.

Þá tóku formaður og framkvæmdastjóri sambandsins, ásamt hópi sveitarstjórnarmanna, þátt í Opnum dögum Héraðanefndar ESB í Brussel í byrjun október. Íslenskir aðilar voru í fyrsta skipti þátttakendur í Opnum

dögum með framlagi landshlutasamtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra í kynningu á Norðurslóðum Evrópu. Forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins aðstoðaði við undurbúning og þátttöku landshlutasamtakanna í Opnum dögum.

Starfsmenn sambandsins taka árlega á mótum ýmsum hópum erlendra sveitarstjórnarmanna. Undirbúningur þeirra funda mæðir að mestu á sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs. Á árinu 2008 var tekið á mótum hópum frá sænska sveitarfélagasambandinu, Tékklandi, Lettlandi, framkvæmdastjórum sænskumælandi sveitarfélaga í Finnlandi, Noregi og fulltrúum frá Rigaborg.

Áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið

Á fundi stjórnar sambandsins í desember var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að hafa forgöngu um „að lagt verði mat á hagsmuni sveitarfélaga, kosti og ókosti, af inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB) og þátttöku í Evrópusamvinnu á vettvangi þess. Auk almenns yfirlits um áhrif og gildi Evrópusamvinnunnar á sveitarstjórnarstigið verði m.a. lagt sérstakt mat á eftirtalda þætti:

- Aðkomu fulltrúa íslenskra sveitarfélaga að undirbúningi ákvarðana sem snerta sveitarfélögin.
- Aðgengi að stuðningi, styrkjum og þróunarfé úr sjóðum ESB fyrir sveitarfélög, landsvæði og/eða byggðalög.

Fjármálaráðstefnan var haldin dagana 13. og 14. nóvember.



- c. Aðildar að verkefnum og styrkjum sem unnin eru á vettvangi ESB eða teljast hluti Evrópusamvinnunnar.
- d. Önnur atriði sem máli skipta til að ofangreint mat nái markmiðum sínum.“

Greinargerð um áhrif ESB-aðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið var svo lögð fram í janúar 2009.

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum

Evrópusamtök sveitarfélaga - CEMR, sem Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að, höfðu frumkvæði að gerð sáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum árið 2005. Þau unnu að sáttmálanum í samstarfi við aðildarsamtök sín og með tilstyrk Evrópusambandsins. Yfir 750 sveitarfélög og héruð í 21 landi hafa undirritað sáttmálann. Undirritun felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu um að vinna að framgangi jafnréttismála í samræmi við jafnréttissáttmálann. Hún felur jafnframt í sér að sveitarfélögin verða aðilar að evrópsku tenglaneti um jafnréttismál.

Sáttmálinn spannar öll svið sveitarfélaga þar sem þörf er talinn á jafnréttisaðgerðum, frá félagsþjónustu til skipulagsmála. Hann býður upp á aðferðir fyrir sveitarfélög til að ná fram jafnrétti í reynd. Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mati á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á hvort kynið fyrir sig. Tryggja á jafnan aðgang kynjanna að ákvörðunartöku og þjónustu sem taki mið af þörfum bæði karla og kvenna. Mælt er fyrir um aðgerðir gegn staðalímyndum og fræðslu til

starfsfólks. Taka á sérstaklega á margfaldri mismunun, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl. Sveitarfélög skulu beita sér fyrir því að samstarfsaðilar þeirra virði jafnréttissjónarmið, svo sem í samningum um kaup á vörum og þjónustu og í samstarfssamningum við félagasamtök.

Sveitarfélög skulu innan tveggja ára eftir undirritun sáttmálans hafa gert aðgerðaáætlun um hvernig þau muni framkvæma ákvæði hans. Þau hafa svigrúm til að forgangsraða markmiðum og setja sér tímaramma. Jafnréttisstofa mun aðstoða sveitarfélög við innleiðingu sáttmálans. Þau munu einnig njóta stuðnings frá Evrópusamtökum sveitarfélaga og öðrum aðildarsveitarfélögum.

Þrjú sveitarfélög samþykktu og undirrituðu sáttmálann á árinu 2008 – Mosfellsbær, Akureyrarkaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður.

Húsaleigubætur

Í apríl 2008 var undirritað samkomulag ríkisins og sambandsins um úrræði í húsnæðismálum, sem grundvallað var á tillögum nefndar félagsmálaráðherra um húsnæðismál frá því í janúar 2008. Þar er m.a. kveðið á um hækkun húsaleigubóta, sveitarfélög hvött til þess að taka upp sérstakar húsaleigubætur, sem ríkið tekur nú í fyrsta skipti þátt í að greiða, að sveitarfélög greiði fyrir byggingu leiguhúsnæðis og að félagsmálaráðherra skipi starfshóp til að vinna að stefnumótun í húsnæðismálum, sem m.a. skilgreini skyldur hins opinbera í húsnæðismálum og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þeim málaflokki.

Sólarlag á Rauðasandi sumarið 2008.



Í tengslum við undirritun samkomulags um húsaleigubætur lagði formaður sambandsins fram áherslur sínar þar sem m.a. kemur fram að það sé niðurstaða hans að samkomulagið tryggi þá kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem um hefur verið rætt og lögð áhersla á af hálfu stjórnar sambandsins, þ.e. að ríkið greiði 60% og sveitarfélögin 40% af húsaleigubótum. Þessi kostnaðarskipting er tryggð í samkomulaginu hvað varðar þann kostnaðarauka sem hækkaðar húsaleigubætur hafa í för með sér. Þá tryggi samkomulagið sömu kostnaðarskiptingu á sérstökum húsaleigubótum sem sveitarfélögin hafa alfarið greitt fram til þessa. Það var mat formanns sambandsins að með samkomulaginu yrði hægt að fylgja eftir áformum sambandsins um að kostnaðarskipting eldri húsaleigubóta verði fastbundin við 40% greiðsluhlutfall sveitarfélaganna og 60% frá ríkinu.

Þrátt fyrir þetta samkomulag og skýr skilaboð formanns sambandsins við undirritun þess hefur ríkissjóður ekki staðið við sinn hluta samkomulagsins. Á árinu 2008 þurftu sveitarfélögin að leggja fram aukalega 103 m.kr. til almennra húsaleigubóta og 44 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta eða 147 m.kr. samtals. Með hliðsjón af fjárheimildum í fjárlögum ársins 2009 má ætla að það vanti a.m.k. 229 m.kr. í framlög frá ríkinu til viðbótar þeirri fjárvöntun sem myndaðist á árinu 2008.

Framtíðarsýn í skólamálum

Stjórn sambandsins samþykkti í febrúar 2008 fyrstu stefnumörkun þess í skólamálum. Er henni ætlað að varpa ljósi á hlutverk sambandsins gagnvart

sveitarfélögunum í þessum mikilvæga málaflokki og hvernig það ætlar að rækja það hlutverk með sem skilvirkustum hætti.

Í apríl 2007 settu Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga á laggirnar verkefnisstjórn sem hafði það hlutverk að fylgja eftir samkomulagi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans í tengslum við ákvæði 16.1 í kjarasamningi aðila. Markmiðið var að móta sameiginlega framtíðarsýn sveitarstjórnarmanna, skólastjórnenda og kennara um það hvernig skólastarfinu verði best hagað með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Afrakstur verkefnisins var sameiginleg stefnumörkun í starfi grunnskólans til ársins 2020. Stefnumörkunin er grundvöllur:

- fyrir endurskoðun á kjarasamningi;
- málefnalegar umfjöllunar í samfélaginu um skólastarf;
- samstarfs og samráðs milli rekstrar- og framkvæmdaaðila um þróun grunnskólans og
- sameiginlegrar hagsmunagæslu.

Haldnir voru kynningarfundir í öllum landshlutum á fyrri hluta árs 2008 þar sem fram kom mikil og almenn ánægja með þá framtíðarsýn, sem framangreindir aðilar höfðu komið sér saman um, og hvatt til þess að sambandið styddi og aðstoðaði sveitarfélögin við innleiðingu hennar í einstökum skólum. Stjórn sambandsins samþykkti framtíðarsýnina á fundi sínum í ágúst 2008 og samþykkti einnig að taka þátt í kostnaði við innleiðingu hennar.

Við bæinn Hóla í Helgafellssveit.



Ráðinn verður sérstakur verkefnisstjóri með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að fylgja málinu eftir.

Skólavogin

Árið 2007 hófst tilraunaverkefni á vegum sambandsins sem fólst í því að byggja upp og þróa aðferðafræði sem gerði einstökum grunnskólum kleift að bera saman ýmsa þætti er varða skólastarfið við sambærilegar niðurstöður úr öðrum grunnskólum, ásamt viðhorfi nemenda og foreldra til þess. Að stofni til er um að ræða norska aðferðafræði sem hefur verið löguð að íslenskum aðstæðum. Fyrsta árið tóku fjögur sveitarfélög þátt í verkefninu. Árið 2008 var verkefnið fært út og tóku 12 sveitarfélög þátt verkefninu sem nú hefur fengið heitið Skólavogin. Sveitarfélögin 12 eru þessi; Bláskógabyggð, Borgarbyggð, Fljótshálsa, Grindavíkurbær, Ísafjarðarbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Ölfus. Sérstök verkefnisstjórn, sem skipuð er fulltrúum frá þeim sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu, er starfsmönnum sambandsins til halds og trausts við framkvæmd og mótun verkefnisins. Verkefnisstjórnina skipa: Eiríkur Hermannsson, framkvæmdastjóri fræðsluviðs Reykjanesbæjar, Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótshálsa, og Sigríður Lára Ásbergisdóttir, formaður fræðslunefndar Sveitarfélagsins Ölfuss. Starfsmaður verkefnisstjórnar er Valgerður Ágústsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrirhugað er að Skólavogin verði áfram tilrauna- og þróunarverkefni árið 2009. Stefnt er að því að önnur sveitarfélög geti tekið þátt árið 2010.

Kjaraviðræður

Á árinu 2008 voru kjarasamningar lausir við alla viðsemjendur Launanevndar sveitarfélaga. Kjarasamningar við KÍ vegna Félags grunnskólakennara og við KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands voru undirritaðir í maí. Samningurinn við skólastjórafélagið var fyrsti sjálfstæði kjarasamningur félagsins. Kjarasamningar við grunnskólakennara og skólastjóra gilda til loka maí 2009. Kjarasamningar við aðra viðsemjendur launanevndar voru lausir 1. desember. Samningaviðræður hófust í lok október og var að mestu lokið fyrir áramót. Samið var um framlengingu gildandi kjarasamninga til 31. ágúst 2009.

Með samningum launanevndar um framlengingu kjarasamninga fylgdi viljayfirlýsing samningsaðila um þátttöku í tilraun aðila vinnumarkaðarins til að ná sátt um viðtæka launa- og kjarastefnu til ársloka 2010. Síðan í desember hafa aðilar almenna og opinbera vinnumarkaðarins átt í viðræðum, en niðurstaða liggur ekki enn fyrir.

Gildandi kjarasamningar og umboð

Launanevnd sveitarfélaga fór með 628 fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar frá öllum sveitarfélögum landsins og ýmsum stofnunum á vegum þeirra. Auk þess hefur launanevndin lögbundið hlutverk að semja við stéttarfélög tónlistarskólakennara.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur umræðan um aðild að ESB farið vaxandi, myndin er af húsi ESB í Brussel.



Á vegum launanevndar voru á árinu 2008 og í ársbyrjun 2009 samtals undirritaðir 40 kjarasamningar við 68 stéttarfélag eða sambönd þeirra, er ná til alls 11.745 stöðugilda hjá sveitarfélögunum. Reykjavíkurborg annast sjálf samningagerð vegna um 7.185 stöðugilda. Allir kjarasamningar launanevndar og Reykjavíkurborgar renna út á árinu 2009. Kjarasamningar við KÍ vegna grunnskólakennara og skólustjóra renna út í lok maí en allir aðrir í lok ágúst.

Starfsmat

Endurmatsferli svokallaðra 0-starfa lauk í nóvember 2008 og þar með er búið að meta öll störf, sem taka röðun samkvæmt matskerfinu.

Á tímamótum sem þessum er nauðsynlegt að staldra við, líta um öxl, læra af reynslunni og móta stefnuna til framtíðar.

Launanevnd sveitarfélaga og þeir viðsemjendur sem aðild eiga að starfsmatskerfinu, gerðu sameiginlega bókun með kjarasamningunum í desember 2008, þar sem segir að á samningstímanum verið skoðað hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARFS og með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun þess. Samningsaðilar hafa þegar hafið þá vinnu.

Launanevnd og Reykjavíkurborg nota starfsmatskerfið SAMSTARF, en uppsetning kerfisins og rekstur er aðskilinn. Á árinu 2009 verður leitað eftir nánari samvinnu við Reykjavíkurborg um framkvæmd og þróun kerfisins.

Samráð vinnuveitenda um kjaramál

Nokkrir samráðsfundir fulltrúa opinberra vinnuveitenda og vinnuveitenda á almennum markaði hafa verið haldnir til að ræða áhrif fjármálakreppunnar á vinnumarkaðinn og viðbrögð við þeim. Aðild að þeim viðræðum hafa átt sviðsstjóri kjarasviðs, formaður Launanevndar sveitarfélaga, fulltrúi frá Reykjavíkurborg, tveir fulltrúar fjármálaráðuneytis og tveir fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins.

Á grundvelli samstarfsáttmála ríkis og sveitarfélaga er starfandi fjögurra manna samráðsnefnd um kjaramál, þar sem sviðsstjóri og lögfræðingur kjarasviðs eiga sæti ásamt tveimur fulltrúum ríkisins.

Kjararannsóknir

Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga eiga fulltrúa í nefnd aðila vinnumarkaðarins, sem hefur það hlutverk að koma á vönduðum, samræmdum og óumdeildum kjararannsóknum fyrir allan vinnumarkaðinn á Íslandi. Til að ná því markmiði hefur nefndin unnið að því að koma á sambærilegum samningi milli Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (KOS) og Hagstofunnar um tölfræðivinnslu launagagna, eins og komið var á milli Kjararannsóknarnefndar (KRN) og Hagstofunnar. Nefndin hefur unnið að því að leysa ýmis vandamál sem staðið hafa þessu samstarfi fyrir þrifum og nú hyllir í að samkomulag aðila náist.

Á kjarasviði var á haustmánuðum unnið markvist að söfnun upplýsinga frá sveitarfélögunum um launasetningu starfsmanna. Til að auðvelda aðgang að upplýsingum

Sviðsstjórafundur í lok ágúst mánaðar 2008. Var þetta síðasti sviðsstjórafundur Þórðar Skúlasonar áður en hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins, en hann hóf störf í lok árs 1990.



úr launakerfum sveitarfélaganna var lagt í kostnað við forritun þeirra, sem hefur skilað góðum árangri.

Þar sem forsendur hafa skapast til reglubundinnar upplýsingaöflunar verður verkinu haldið áfram í þeim tilgangi að kjarasvið hafi ávalt góða yfirsýn yfir launasetningu og launaþróun sveitarfélaga. Möguleikar til greiningar og samanburðar á kjörum starfsmanna sveitarfélaga við aðra opinbera starfsmenn og við kjör á almennum vinnumarkaði aukast til muna og auðveldar verður að þróa reiknilíkön vegna kjaraviðræðna.

Skipulags- og mannvirkjafrumvörp

Í febrúar lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til skipulagslaga og frumvarp til laga um mannvirki. Þessum frumvörpum er ætlað að leysa af hólmi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og felst í þeim sú meginbreyting að aðskilja stjórnarsýslu byggingarmála frá skipulagsþætti laganna.

Sambandið skipulagði kynningarfund um frumvörpin í byrjun febrúar í samstarfi við umhverfisráðuneytið og fjölmenntu sveitarstjórnarmenn á þann fund. Að höfðu víðtæku samráði við sveitarfélög um land allt sendi sambandið ítarlegar umsagnir um bæði frumvörp til Alþingis.

Stjórn sambandsins ályktaði enn fremur um frumvörpin í maímánuði. Þar lagðist hún eindregið gegn því að landsskipulagsáætlun yrði lögfest eins og lagt er til í III. kafla frumvarps til skipulagslaga. Einnig gerði stjórnin athugasemd við að ný ríkisstofnun, Byggingarstofnun, fái það hlutverk að gefa út byggingarleyfi vegna tiltekinna framkvæmda. Loks lýsti stjórnin yfir áhyggjum vegna

sívaxandi kostnaðar í skipulags- og byggingarmálum og skoraði á Alþingi að stytta skipulagsferlið eins og unnt er án þess þó að dregið verði úr samráði við almenning. Frumvörpin voru ekki afgreidd sem lög frá Alþingi á árinu en í lok ársins lágu fyrir ný frumvarpsdrög þar sem tekið hafði verið tillit til mjög margra athugasemda sambandsins við frumvörpin.

Fjármálareglur

Í viljayfirlýsingu ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í mars 2007 var skrifað undir viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin taki upp fjármálareglur til að bæta áhrifamátt hagstjórnar hins opinbera í heild sinni. Setning fjármálareglna getur leitt til þess að ríkið taki þátt í að létta skuldum af viðkomandi sveitarfélögum. Í yfirlýsingunni sagði meðal annars að:

„Aðilar munu vinna saman að mótun tillagna um fjármálareglur fyrir sveitarfélögin sem tryggð geti að fjármál sveitarfélaganna vinni með ríkisfjármálum að því er varðar almenna hagstjórn. Í þessu sambandi verði sérstaklega hugað að markmiðssetningu varðandi þak á vöxt útgjalda sveitarfélaga, þak á hlutfall skulda þeirra og tekjuafkomu þeirra yfir hagsveifluna.“

Mikil umræða um fjármálareglur sveitarfélaga hélt áfram í efnahagsnefnd ríkis og sveitarfélaga á árinu. Samkomulag náðist ekki í nefndinni um stefnumótun og nálgun lausn á að viðfangsefninu. Starfsemi sveitarfélaga er þess eðlis að erfitt er að draga úr umsvifum sveitarfélaga á þenslutímum en auka þau aftur á samdráttartímum. Sveitarfélögin hafa skyldum

Kraftmikið íþróttastarf er aðalsmerki hvers sveitarfélags.



að gegna við að mæta þörf fyrir þjónustu þegar íbúum fjölgar og geta ekki hagað framkvæmdum nema að takmörkuðu leyti með hliðsjón af hagsveiflunni hverju sinni. Fulltrúar sveitarfélaganna vildu fá hugmyndir upp á borðið um hvað ríkisvaldið sæi fyrir sér með fjármagn til niðurfellingu skulda. Því var hafnað af hálfu fjármálaráðuneytisins.

Fulltrúar sveitarfélaganna lögðu um mitt ár 2008 fram ákveðnar tillögur til lausnar þeirri stöðu sem starfið var komið í. Tillagan fól í sér að ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu með sér rammisamning til þriggja ára í tengslum við almenna hagstjórn í landinu. Í slíkum samningi væri til dæmis kveðið á um ákveðið útgjaldamarkmið, viðmiðunarmarkmið um að skuldir sveitarfélaga fari ekki yfir ákveðið hlutfall af skuldum nema sérstök ástæða komi til og að jafnvægi væri í rekstri sveitarfélaga yfir hagsveifluna. Þriggja ára áætlun sveitarfélaganna tæki síðan mið af niðurstöðum af slíkum samning.

Fjármálaráðuneytið hafnaði þessum hugmyndum alfarið og var ekki til viðræðu um slíkt form á samskiptum ríkis og sveitarfélaga heldur hélt sig við fyrri afstöðu um einhliða setningu fjármálareglna. Starf nefndarinnar að þessu viðfangsefni var því sett í biðstöðu og er þar enn.

Samstarfsverkefni í úrvinnslumálum

Verkefnið var sett á laggirnar á árinu 2007 með þátttöku nánast allra sveitarfélaga og sorpsamlaga á landinu. Verkefnisstjóri var ráðinn í nóvember 2007 og verkefnisstjórn skipuð í desember það ár. Verkefnisstjórn er skipuð sex aðalmönnum og sex til vara, sem koma

frá helstu sorpsamlögum á landinu. Verkefnisstjórnin hélt fimm fundi á árinu. Á vettvangi verkefnisstjórnar var unnið að gerð áherslna og aðgerðaráætlunar sveitarfélaga í úrgangsmálum. Þeirri vinnu lauk með því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti áherslurnar ásamt aðgerðaáætlun í janúar 2009. Verkefnisstjórnin ræddi jafnframt tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar, samskipti við Úrvinnslusjóð, samskipti við atvinnulífið og erlend samskipti.

Af helstu verkefnum á árinu 2008 má nefna umsagnir um lög og reglugerðir sem varða úrgangsmál. Opnað hefur verið vefsvæði á heimasíðu sambandsins „Verkefnisstjórn í úrgangsmálum“, þar sem er að finna ítarlega umfjöllun um störf verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra og umfangsmiklar upplýsingar um meðhöndlun úrgangs.

Verkefnisstjóri kynnti sér á árinu stöðu úrgangsmála í flestum sveitarfélögum og kynnti jafnframt verkefnið. M.a. var í þessum heimsóknum lögð áhersla á það að verkefnisstjórnin er reiðubúinn til að aðstoða sveitarfélög í öllu því sem viðkemur meðhöndlun úrgangs, svo sem við gerð og endurskoðun svæðisáætlana og að veita alhliða upplýsingar og ráðleggingar um úrgangsmál. Samskipti verkefnisstjóra við innlendar og erlendar stofnanir og samtök um úrgangsmál voru mikil á árinu.

Samdráttur í efnahagslífi hefur leitt til þess að dregið hefur úr myndun úrgangs, sums staðar um tugi prósent. Erfið staða á endurvinnslumörkuðum vegna hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu var mikið til umræðu í verkefnisstjórninni. Markaðir fyrir hráefni til endurvinnslu lokuðust nánast alveg á síðari hluta ársins

Skáli Fí við Hvítárvatn.



og mun sú þróun leiða til aukins kostnaðar við förgun úrgangs ef ekki verður breyting á fljótlega.

Helstu lagabreytingar 2008

Á vorþingi voru sett ný heildarlög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi í júní 2008. Jafnframt voru sett lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Mikil vinna var lögð í gerð umsagna sambandsins um framangreind frumvörp og náðust fram ýmsar mikilvægar breytingar við afgreiðslu frumvarpanna á Alþingi. Mikil áhersla var lögð á það af sambandsins hálfu að eiga virk samskipti við sveitarfélögin um efni umsagnanna og bárust margar gagnlegar ábendingar frá sveitarfélögunum. Starfsmenn lögfræðisviðs tóku ásamt fleiri starfsmönnum sambandsins þátt í kynningarfundum víða um land í samstarfi við menntamálaráðuneytið á hinni nýju löggjöf. Einnig hafa starfsmenn sambandsins komið að gerð reglugerða sem settar verði á grundvelli laganna.

Ástæða er til að geta sérstaklega um eftirfarandi lög sem sett voru á árinu og varða sveitarfélögin:

- lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sambandið gerði verulegar athugasemdir við frumvarpið í umsögn sinni til Alþingis og taldi það geta verið íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Allnokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu með hliðsjón af ábendingum sambandsins og fleiri hagsmunaaðila.
- lög um meðhöndlun úrgangs. Kveðið er á um framleiðendaábyrgð vegna raftækjaúrgangs.

Framleiðendum og innflytjendum raftækja og rafeindatækja ber að koma á fót skilakerfi sem ber ábyrgð á raftækjaúrgangi og rafeindatækjaúrgangi sem safnast á endurvinnslustöðvum sveitarfélaga.

- lög um frístundabyggðir. Meðal annars er kveðið á um reglulegt samráð sveitarstjórna við hagsmunasamtök frístundahúsaeigenda.
- lög um almannavarnir. Um er að ræða ný heildarlög sem ekki fela í sér miklar breytingar á hlutverki sveitarstjórna.
- lög um skráningu og mat fasteigna. Með lögunum er heiti Fasteignamats ríkisins breytt í Fasteignaskrá Íslands. Verulegar breytingar voru gerðar á tekjustofnum stofnunarinnar og náðist fram nokkur hlutfallsleg lækun á framlögum sveitarfélaga til stofnunarinnar.
- lög um breytingu á nokkrum lögum á orkusviði. Kveðið er á um heimildir einkaaðila til að eignast hlut í raforkuframleiðslufyrirtækjum og veitustofnunum. Kveðið er á um að dreifiveitur og hitaveitur skuli ávallt vera í meirihlutaeign opinberra aðila. Jafnframt er lagt bann við því að opinberir aðilar framselji varanlega til einkaaðila vatnsréttindi og jarðhitaréttindi sem eru umfram tiltekin mörk.
- lög um kolvetnisstarfsemi. Miklar breytingar voru gerðar á frumvarpinu, sem fjallar um olíu- og gasleit og vinnslu á hafsvæðum, á grundvelli ábendinga sambandsins og fleiri aðila. Mun meira tillit er tekið til hagsmuna sveitarfélaga en í upphaflegu frumvarpi og er sveitarstjórnunum

Kristján L. Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála, á XXII. landþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2008.



tryggður umsagnarréttur um leyfisumsóknir vegna starfsemi sem fram fer nærri ströndinni. Er miðað við að slíkur umsagnarréttur sé fyrir hendi ef starfsemi á að fara fram innan einnar sjómílu frá ytri mörkum netlaga.

- lög um þjónustumiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Kveðið er á um að sveitarfélög geti samið við stofnunina um tiltekna þjónustu gegn greiðslu, þ. á m. þjónustu blindraráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla.
- lög um lífeyrissjóði. Tekin eru af tvímæli um að skuldbindingar sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og Lánasjóðs sveitarfélaga skuli flokkast á sama hátt í eignasöfnum lífeyrissjóða.
- lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hámarksútsvar er hækkað um 0,25%.

Framkvæmdastjóraskipti - starfsmannamál

Í apríl sagði Þórður Skúlason starfi sínu, sem framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs, lausu og hætti hann störfum 1. september 2008. Hann hafði þá gegnt framkvæmdastjórastöðunni í tæplega 18 ár.

Þórður var kjörinn í hreppsnefnd Hvammstangahrepps árið 1970 og sat þar eitt kjörtímabil til ársins 1974. Hann var ráðinn sveitarstjóri Hvammstangahrepps árið 1973 og sinnti því starfi samfelt til októberloka árið 1990, þegar hann var ráðinn framkvæmdastjóri Sambands

íslenskra sveitarfélaga, Bjargráðasjóðs og Lánasjóðs sveitarfélaga.

Þórður var kjörinn í fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 1978 og í stjórn þess árið 1982 þar sem hann sat til ársins 1990. Hann sat í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga 1983–1991, í sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu 1974–1988, Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu 1988–1990, í stjórn Fjórðungssambands Norðlendinga 1978–1986, þar af formaður 1982–1984. Þórður sat einnig í mörgum nefndum á vegum sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu, á Norðurlandi og á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Jafnframt var hann varaþingmaður Alþýðubandalagsins á Norðurlandi vestra 1983–1991 og sat á því tímabili níu sinnum á Alþingi í fjarveru aðalmanns.

Staða framkvæmdastjóra sambandsins og Bjargráðasjóðs var auglýst laus til umsóknar og sóttu 22 um stöðuna. Ráðningarþjónustunni Talent var falið að fara yfir umsóknir og ræða við valda umsækjendur, ásamt formanni og varaformanni sambandsins. Lögðu þau niðurstöðu sína fyrir stjórn sambandsins í júní og var samþykkt að ráða Karl Björnsson, sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, í stöðuna.

Karl hefur unnið að sveitarstjórnarmálum frá árinu 1986 þegar hann var ráðinn bæjarstjóri Selfossbæjar og síðar Sveitarfélagsins Árborgar. Því starfi gegndi hann til ársins 2002 og var þá ráðinn sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins.

Karl sat á starfstíma sínum sem bæjarstjóri í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Selfossbæjar, Sveitarfélagsins Árborgar, sveitarfélaga í Árnessýslu og

Þórður Skúlason hætti sem framkvæmdastjóri sambandsins þann 1. september 2008.



á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Hann sat einnig í mörgum nefndum á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins. Hann var m.a. formaður Launanevndar sveitarfélaga frá 1996 til 2002 en átti sæti í nefndinni frá árinu 1986.

Í stað Karls var Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri HugGarðs, ráðin í stöðu sviðsstjóra á kjarasviði sambandsins og kom hún til starfa í september 2008.

Þá lét Kristinn J. Kristjánsson, sérfræðingur á kjarasviði, af störfum 1. september 2008. Í stað hans var ráðin Guðfinna Harðardóttir, MA í mannauðsstjórnun, og hóf hún störf 1. janúar 2009.

Birgir L. Blöndal, deildarstjóri á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, lét af störfum 31. desember 2008. Birgir hafði starfað hjá sambandinu og samstarfsstofnunum þess í rúmlega 35 ár þegar hann hætti. Hann var aðstoðarframkvæmdastjóri sambandsins um tíma, en aðalstarf hans var að sinna rekstri Bjargráðasjóðs og Lánasjóðs sveitarfélaga. Hann hafði einnig á hendi framkvæmdastjórn fyrir Hafnasamband sveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

Í upphafi árs tók til starfa á skrifstofu sambandsins Lúðvík E. Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Hann var ráðinn til að gegna starfi verkefnisstjóra í tímabundnu, þriggja ára samstarfsverkefni sveitarfélaganna um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Fundir og ráðstefnur

Stjórn sambandsins hélt 10 fundi á árinu auk árlegs fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn er í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Einn stjórnarfundur var haldinn á Egilsstöðum í janúar og var í tengslum við hann haldinn fundur með sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi. Á fundum stjórnarinnar voru bókuð 199 mál.

Stjórn sambandsins boðaði til samráðfundar sveitarfélaga um efnahagsvandann um miðjan október. Á fundinn mættu fulltrúar flestra sveitarfélaga og var þar rætt um stöðu sveitarfélaganna og lausnir eftir hrun fjármálakerfisins.

Viltu gera betur?

Í maí var haldinn kynningarfundur um Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum.

Tækifæri í evrópskri samvinnu

Haldin var í júní ráðstefna fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um evrópskar áætlanir og kynningarfundur á Vesturlandi, sem ætlunin er að fylgja eftir í öðrum landshlutum.

Stefnumótun í málefnum innflytjenda

Í júní var haldinn samráðsfundur sveitarfélaga um stefnumótun í málefnum innflytjenda þar sem rætt var um hagsmunagæslu sambandsins, fyrir hönd sveitarfélaga, í málefnum innflytjenda og stuðning sambandsins við sveitarfélög vegna innflytjendamála. Jafnframt var rætt um aðgerðir sveitarfélaganna sjálfra í innflytjendamálum.

Stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland þann 29. maí 2008. Myndin er tekin í Húsinu á Eyrarbakka eftir skjálftann.



Hvernig virkar lýðræðið í sveitarfélögum?

Ráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands um lýðræði í sveitarfélögum var haldin í maí. Ráðstefnan markaði upphaf þriggja ára þróunar- og rannsóknaverkefnis þessara aðila um íbúalýðræði. Fjallað var um það með hvaða hætti sveitarstjórnir á Íslandi haga samstarfi við ólíka aðila í samfélaginu.

Málstofa um skólamál

Sambandið gekkst fyrir málstofu um skólamál í október undir yfirskriftinni „Náum betri árangri“. Fjallað var um árangur í skólastarfi, bæði faglegan og rekstrarlegan, mat á skólastarfi og leiðir til hagræðingar og meiri skilvirkni.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin í nóvember og var hún fjölsótt að venju. Aðalumfjöllunarefni ráðstefnunnar var hrun bankakerfisins og efnahagsvandinn sem sveitarfélögin eiga við að glíma í kjölfar þess.

Fundur um stefnumótun í málefnum innflytjenda var haldinn í júní 2008.



**Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2008**

Áritun stjórnenda

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 345,3 m.kr. á árinu 2008 en rekstrargjöld 343,9 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 1,4 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins neikvæð um 7,9 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 235,2 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 25,1 m.kr. Ársverk starfsmanna voru að meðaltali 23,1.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2008 nema 344,2 m.kr. en skuldir og skuldbindingar námu 152,0 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 192,2 m.kr. í árslok 2008.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. febrúar 2009.

Stjórn:

Halldór Halldórsson (sign)

Þorleifur Gunnlaugsson (sign)

Hanna Birna Kristjánsdóttir (sign)

Dagur B. Eggertsson (sign)

Gunnar Einarsson (sign)

Elín R. Líndal (sign)

Jónína Magnúsdóttir (sign)

Smári Geirsson (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Þorvaldur Guðmundsson (sign).

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2008 er gefinn út hinn 23. janúar 2009 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 23. janúar 2009.

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson (sign.)

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Magnús Karel Hannesson (sign.)

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. febrúar 2009.

KPMG hf.

Halldór Hróarr Sigurðsson (sign.)

Auðunn Guðjónsson (sign.)

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2008 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 11. febrúar 2008

Guðrún H. Brynleifsdóttir (sign.)

Birna Lárusdóttir (sign.)

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	Áætlun	2007
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		242.294.333	241.315.000	231.003.481
Seldar vörur og þjónusta		84.576.369	91.987.000	75.160.972
Aðrar tekjur		18.424.070	15.160.000	16.070.968
	11	<u>345.294.772</u>	<u>348.462.000</u>	<u>322.235.421</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	12	235.241.933	235.453.000	193.439.939
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	12, 18	11.411.627	14.445.526	16.097.087
Annar rekstrarkostnaður	13	95.580.686	94.946.000	78.968.010
Afskriftir	15	1.708.039	1.700.000	1.708.039
		<u>343.942.285</u>	<u>346.544.526</u>	<u>290.213.075</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>1.352.487</u>	<u>1.917.474</u>	<u>32.022.346</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		12.061.982	2.650.000	3.740.449
Vaxtagjöld		(79.893)	(25.000)	(9.606)
Arður		12.500	12.000	12.500
(Lækkun) hækkun sjóða í fjárvörslu	19	(21.259.050)	17.097.000	9.228.195
		<u>(9.264.461)</u>	<u>19.734.000</u>	<u>12.971.538</u>
Afkoma ársins	17, 23	<u>(7.911.974)</u>	<u>21.651.474</u>	<u>44.993.884</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
50% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	15	<u>76.861.766</u>	<u>78.569.805</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréfaeign	6	89.461	89.461
Kaupþing - fjárvörslureikningur	7, 19	77.482.492	75.764.993
Glitnir - peningamarkaðssjóður	7, 19	0	64.366.216
Íslensk verðbréf - eignastýring	7, 19	<u>58.634.258</u>	<u>0</u>
		<u>136.206.211</u>	<u>140.220.670</u>
		<u>213.067.977</u>	<u>218.790.475</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur		18.406.068	14.343.859
Ýmsar skammtímakröfur		7.324.414	8.607.022
Handbært fé	8	105.433.664	97.511.974
		<u>131.164.146</u>	<u>120.462.855</u>
		<u>344.232.123</u>	<u>339.253.330</u>
Eignir samtals			

31. desember 2008

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	17	<u>192.215.613</u>	<u>200.127.587</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	9, 18	<u>133.261.353</u>	<u>125.620.881</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.711.863	2.156.055
Aðrar skammtímaskuldir		<u>17.043.294</u>	<u>11.348.807</u>
		<u>18.755.157</u>	<u>13.504.862</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>152.016.510</u>	<u>139.125.743</u>
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		<u>344.232.123</u>	<u>339.253.330</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	17	(7.911.974)	44.993.884
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	18	11.411.627	16.097.087
Afskriftir	15	1.708.039	1.708.039
Lækkun sjóða í fjárvörslu	19	21.259.050	(9.228.195)
		<u>26.466.742</u>	<u>53.570.815</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(2.779.601)	18.906
Skammtímaskuldir lækkun (lækkun)		5.250.295	(6.742.664)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	18	(3.771.155)	(3.093.691)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(1.300.461)</u>	<u>(9.817.449)</u>
		<u>25.166.281</u>	<u>43.753.366</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fært í eignastýringu	19	(70.000.000)	0
Innleyst sjóðsbréf - Glitnir	19	57.026.724	0
Innleyst sjóðsbréf - Íslensk verðbréf	19	2.755.405	0
		<u>(10.217.871)</u>	<u>0</u>
Hækkun á handbæru fé		7.921.690	43.753.366
Handbært fé í ársbyrjun		<u>97.511.974</u>	<u>53.758.608</u>
Handbært fé í árslok		<u>105.433.664</u>	<u>97.511.974</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga og Bjargráðasjóði samkvæmt samningum sem gerðir voru á árinu 2004 við Lánasjóðinn og 2005 við Bjargráðasjóð. Með samningunum varð sú breyting á að allir sameiginlegir starfsmenn þessara þriggja stofnana færðust á launaskrá hjá sambandinu, sbr. skýringu 12. Í skýringu 14 er yfirlit um skiptingu rekstrarkostnaðar á árinu.

Innlausn tekna

- 3 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.
Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 4 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 5 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:
Fasteign 50 ár

Eignarhluti í félagi

- 6 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001.

Fjárvörslureikningur

- 7 Fjármunir í vörslu bankastofnana eru færðir til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Lífeyrisskuldbinding

- 9 Nokkrir starfsmanna sambandsins eru aðilar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lífeyrir starfsmanna hækkar í samræmi við laun opinberra starfsmanna og hvílir verðtrygging lífeyrisins á sambandinu. Lífeyrisskuldbindingin er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi, sbr. skýringu 18.

Fjárhagsáætlun

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2008 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

11	Rekstrartekjur greinast þannig:			
		Ársreikningur 2008	Áætlun 2008	Ársreikningur 2007
	Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	242.294.333	241.315.000	231.003.481
	Seldar vörur og þjónusta:			
	Sveitarfélög	51.278.678	61.080.000	36.912.508
	Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	5.086.700	4.500.000	12.219.475
	Bækur, o.fl.	2.906.631	1.125.000	1.823.349
	Samstarfsstofnanir	24.204.360	24.182.000	23.105.640
	Hafnasamband sveitarfélaga	1.100.000	1.100.000	1.100.000
		84.576.369	91.987.000	75.160.972
	Aðrar tekjur:			
	Ráðuneyti og ríkisstofnanir	4.500.000	4.500.000	4.500.000
	Jöfnunarsjóður vegna Brussel-skrifstofu	13.924.070	10.660.000	10.367.282
	Styrkir og endurgreiðslur	0	0	1.203.686
		18.424.070	15.160.000	16.070.968
	Rekstrartekjur samtals	345.294.772	348.462.000	322.235.421

Starfsmannamál

12	Laun og launatengd gjöld reinast þannig:			
	Laun	194.396.320	194.748.000	159.508.655
	Launatengd gjöld	40.845.613	40.705.000	33.931.284
		235.241.933	235.453.000	193.439.939
	Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	11.411.627	14.445.526	16.097.087
	Laun og launatengd gjöld samtals	246.653.560	249.898.526	209.537.026
	Stöðugildi greinast þannig:			
	Starfsmenn sambandsins	23,1	22,5	21,4

Annar rekstrarkostnaður

13	Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
	Vörukaup	17.341.133	14.969.000	13.686.185
	Þjónustukaup	70.207.926	72.671.000	61.435.111
	Skattar og opinber gjöld	2.686.371	1.356.000	1.560.978
	Styrkir og framlög	5.345.256	5.950.000	2.285.736
	Annar rekstrarkostnaður samtals	95.580.686	94.946.000	78.968.010

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 14 Sameiginlegur kostnaður sambandsins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs, sbr. skýringu 2, nam 105,4 m.kr. á árinu 2008 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Bjargráðasjóður	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis	5.610.121	1.683.036	3.927.085	11.220.242
Annar sameiginlegur kostnaður	69.987.470	12.102.180	12.102.180	94.191.830
Samtals	75.597.591	13.785.216	16.029.265	105.412.072
Hlutfall	72%	13%	15%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 15 Bókfært verð 50% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2008	85.401.961
Afskrifað áður	(6.832.156)
Bókfært verð 1.1. 2008	78.569.805
Afskrifað á árinu	(1.708.039)
Bókfært verð 31.12. 2008	76.861.766
Stofnverð 31.12. 2008	85.401.961
Afskrifað samtals 31.12. 2008	(8.540.195)
Bókfært verð 31.12. 2008	76.861.766
Afskriftarhlutfall	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 76,6 m.kr. í árslok 2008.
Brunabótamat eignarhlutans nemur 92,6 m.kr. á sama tíma.

Skammtímakröfur

- 16 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 25,8 m.kr. í árslok 2008. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 17 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2008	200.127.587
Afkoma ársins	(7.911.974)
Eigið fé 31.12. 2008	192.215.613

Skýringar frh.

Lífeyrisskuldbinding

- 18 Eftirlaunaskuldbinding sambandsins, sbr. skýringu 9, nemur 133,3 m.kr. samkvæmt tryggingarfræðilegu mati, miðað við árslok 2008. Matið byggir á þeirri forsendu að raunávöxtun verði 2% umfram hækkunir launa. Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu nam 11,4 m.kr. og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Lífeyrisgreiðslur eru hafnar vegna nokkurra fyrrverandi starfsmanna og námu þær 3,8 m.kr. á árinu 2008. Breyting á eftirlaunaskuldbindingu á árinu 2008 greinist þannig:

	2008	2007
Staða í upphafi árs	125.620.881	112.617.485
Greiddur lífeyrir á árinu	(3.771.155)	(3.093.691)
Breyting á árinu	11.411.627	16.097.087
Staða í árslok	133.261.353	125.620.881

Önnur atriði

- 19 Í desember 1999 var gerður samningur við bankastofnun um fjárvörslu, ávöxtun og umsýslu á 41,1 m.kr. og nam fjárvörslureikningur í lok þess árs 43,7 m.kr. Á árinu 2000 nam fjárframlag sambandsins inn á fjárvörslureikninginn 10 m.kr. Markaðsvirði fjárvörslureikningsins í árslok 2008 nam 77,5 m.kr. og nam hækkun reikningsins um 1,7 m.kr. á árinu.

Í janúar 2006 voru keypt sjóðsbréf (peningamarkaðsbréf) hjá annarri bankastofnun. Keyptar voru 2.349,3892 einingar á genginu 21.282 og var kaupverð 50,0 m.kr. Í október 2008 var sjóðnum lokað og eignir sjóðsins greiddar út til sjóðsfélaga. Útgreiðsluhlutfallið var 85,12% m.v. stöðu sjóðsins 6. október 2008. Eignin var 57,0 m.kr. og var lögð inn á hávaxtareikning í viðkomandi bankastofnun. Tap sambandsins m.v. gengi sjóðsbréfa 31. desember 2007 nam 14,4 m.kr.

Í febrúar 2008 voru 70,0 m.kr. lagðar inn á reikning hjá verðbréfafyrirtæki, sem rekur peningamarkaðs- og skuldabréfsjóði, og fyrirtækinu falið að annast eignastýringu á fjármununum. Eignin hefur rýrnað og var metin á 61,4 m.kr. í desember 2008. Ákveðið hefur verið að slíta sjóðum verðbréfafyrirtækisins og verður eign sambandsins greidd út eftir því sem eignir sjóðanna seljast á 12 mánuðum. Í desember 2008 barst fyrsta útgreiðsla að fjárhæð 2,8 m.kr. Markaðsvirði eignarstýringarreikningsins í árslok 2008 nam 58,6 m.kr.

Lækkun sjóða í fjárvörslu nam á árinu 21,3 m.kr. og er sú fjárhæð færð til gjalda sem sérstakur liður í rekstrarreikningi.

Lykiltölur

20	Helstu lykiltölur:	2008	2007
	Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	6,99	8,92%
	Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	55,8%	59,0%

Skýringar frh.

Launanevnd sveitarfélaga

- 21 Launanevnd sveitarfélaga starfar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur hún starfsaðstöðu á skrifstofum sambandsins. Hlutverk launanevndarinnar er m.a. að gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart samtökum þeirra launþega, sem þau ráða til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör og kemur nefndin fram sem samningsaðili fyrir hönd sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka eftir því sem þessir aðilar gefa nefndinni umboð til, eins og segir í samþykktum fyrir launanevndina. Launanevnd sveitarfélaga er kosin á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn.

Rekstur launanevndar greinist þannig:

	Ársreikningur 2008	Áætlun 2008	Ársreikningur 2007
Launanevnd:			
Laun	6.532.317	11.750.000	2.043.504
Launatengd gjöld	866.512	1.434.000	280.131
Vörukaup	474.633	856.000	189.404
Þjónustukaup	843.418	2.540.000	532.634
Samtals kostnaður	8.716.880	16.580.000	3.045.673
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(8.716.880)	(16.580.000)	(3.045.673)
Samtals	0	0	0
Starfsmat:			
Laun	12.336.951	13.220.000	13.196.414
Launatengd gjöld	2.579.191	2.770.000	2.877.582
Vörukaup	0	20.000	21.735
Þjónustukaup	170.100	990.000	1.771.104
Samtals kostnaður	15.086.242	17.000.000	17.866.835
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(15.086.242)	(17.000.000)	(17.866.835)
Samtals	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	17.499.996	17.500.000	16.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(17.499.996)	(17.500.000)	(16.000.000)
Samtals	0	0	0

- 22 Viðskiptareikningur Launanevndar sveitarfélaga hjá sambandinu greinist þannig:

	Ársreikningur 2008	Áætlun 2008	Ársreikningur 2007
Staða í ársbyrjun	(1.988.445)	(3.500.000)	244.747
Launanevnd, sbr. skýringu 21	8.716.880	16.580.000	3.045.673
Starfsmat, sbr. skýringu 21	15.086.242	17.000.000	17.866.835
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 21	17.499.996	17.500.000	16.000.000
Innheimt hjá sveitarfélögum á árinu	(42.366.943)	(42.000.000)	(39.145.700)
Staða í árslok	(3.052.270)	5.580.000	(1.988.445)

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

23 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Jöfnunarsjóður				
Framlag	0	242.294	(242.294)	(241.315)
Samtals	0	242.294	(242.294)	(241.315)
Yfirstjórn				
Landsþing	1.431	0	1.431	4.500
Sambandsstjórn	21.078	0	21.078	19.655
Endurskoðun og reikningsskil	851	0	851	980
Aðrar nefndir og sérverkefni	4.544	0	4.544	5.563
Innlent samstarf	697	0	697	800
Ráðgjafarst. um fjármál heimilanna	1.335	0	1.335	1.300
Olweusar-verkefnið	1.000	0	1.000	1.000
Norrænt samstarf	793	0	793	1.080
Könnun á lýðræði í sveitafél.	1.000	0	1.000	1.000
Annað erlent samstarf	2.021	0	2.021	805
Samtals	34.750	0	34.750	36.683
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	94.238	25.309	68.930	62.616
Námsleyfasjóður	276	0	276	415
Samtals	94.514	25.309	69.206	63.031
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	27.820	0	27.820	28.321
Upplýsingaveita sveitarfélaga	4.735	1.500	3.235	5.000
Faghópur um reikningsskil sveitarf.	135	0	135	220
Skólavogin	1.136	0	1.136	650
Kostnaðarmatsnefnd	62	0	62	775
Samtals	33.888	1.500	32.388	34.966
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	37.495	17.500	19.995	22.069
Launanefnd sveitarfélaga	8.717	8.717	0	0
Starfsmat	15.086	15.086	0	0
Samtals	61.298	41.303	19.995	22.069
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	22.657	0	22.657	22.677
Skólamálanefnd	1.062	0	1.062	1.020
Framtíðarsýn í grunnskólumálum	511	0	511	500
Starfshópar og verkefnanefndir	1.219	0	1.219	990
Alþjóðanefnd	296	0	296	745
Brussel-skrifstofa	13.404	13.924	(520)	1.470
Fundur fulltrúaráðs CEMR	3.043	0	3.043	2.700
Samtals	42.192	13.924	28.268	30.102

Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræðisvið				
Sérkostnaður sviðsins	20.577	0	20.577	21.614
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	10.014	9.976	39	0
Samtals	30.591	9.976	20.615	21.614
Staðardagskrá 21				
Sérkostnaður verkefnisins	5.227	3.000	2.227	2.241
Samtals	5.227	3.000	2.227	2.241
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	4.817	5.074	(257)	625
Námskeið	0	13	(13)	0
Samtals	4.817	5.087	(270)	625
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	2.068	0	2.068	2.000
Árbók sveitarfélaga	953	1.641	(688)	0
Rit til endursölu	965	1.260	(296)	(220)
Upplýsingavefur sambandsins	769	0	769	3.455
Önnur fræðslu- og kynningarrit	2.441	1	2.439	1.500
Samtals	7.195	2.902	4.293	6.735
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30	11.220	0	11.220	9.840
Hlutdeild samstarfsstofnana	(5.610)	0	(5.610)	(4.920)
Samtals	5.610	0	5.610	4.920
Sameiginlegur kostnaður				
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	11.412	0	11.412	14.446
Eftirlauna- og starfslokasamningar	9.397	0	9.397	0
Afskriftir	1.708	0	1.708	1.700
Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur	1.207	0	1.207	106
Þjónustugjöld banka	136	0	136	160
Samtals	23.860	0	23.860	16.412
Alls rekstur	343.942	345.294	(1.353)	(1.917)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	12.062	(12.062)	(2.650)
Tekjur af eignahlutum	0	13	(13)	(12)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	80	0	80	25
Breytingar á fjárvörslureikningum	21.259	0	21.259	(17.097)
Samtals	21.339	12.074	9.264	(19.734)
Alls	365.281	357.369	7.912	(21.651)

Stjórn og nefndir

Stjórn sambandsins 2008

Halldór Halldórsson, formaður Norðvesturkjörsv.
Svandís Svavarsdóttir, varaformaður, Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg
Hanna Birna Kristjánsdóttir, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsv.
Lúðvík Geirsson, Suðvesturkjörsv.
Elín R. Líndal, Norðvesturkjörsv.
Sigrún Björk Jakobsdóttir, Norðausturkjörsv.
Smári Geirsson, Norðausturkjörsv.
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði
Þorvaldur Guðmundsson, Suðurkjörsv.

Launanefnd sveitarfélaga í desember 2008

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður,
Hafnarfjarðarkpst.
Halla S. Steinólfssdóttir, Dalabyggð
Hallgrímur Bogason, Grindavíkurbæ
Hallur Páll Jónsson, Reykjavíkurborg
Hermann Jón Tómasson, Akureyrarkaupstað
Ingunn Gísladóttir, Reykjavíkurborg
Jórunn Frímannsdóttir, Reykjavíkurborg
Soffía Lárusdóttir, Fljótsdalshéraði
Þorsteinn Einarsson, Kópavogsbæ

Fulltrúaráð Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða - CEMR

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Smári Geirsson, Fjarðabyggð
Svandís Svavarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - CLRAE

Svandís Svavarsdóttir, Reykjavíkurborg
Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ
Smári Geirsson, Fjarðabyggð

Alþjóðanefnd

Smári Geirsson, formaður, Fjarðabyggð
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Hrefna B. Jónsdóttir, SSV
Sigríður Stefánsdóttir, Akureyrarkaupstað
Svandís Svavarsdóttir, Reykjavíkurborg

Nefndin á að vera ráðgefandi og til stuðnings fyrir stjórn sambandsins og starfsmenn þess um öll alþjóðamál sem snerta sambandið og íslensk sveitarfélög.

Skólamálanefnd

Gunnar Einarsson, Garðabæ
Gunnar Gíslason, Akureyrarkaupstað
Kristín Hreinsdóttir, Skólaskrifstofu Suðurlands
Ragnar Þorsteinsson, Reykjavíkurborg

Kjörin af stjórn sambandsins til þess að vera stjórninni og þróunar- og skólafulltrúa til ráðuneytis um skólamál.

Faghópur um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga

Guðrún Pálsdóttir, Kópavogsbæ
Jón Pálmi Pálsson, Akraneskaupstað
Pétur J. Lockton, Mosfellsbæ

Kjörinn af stjórn sambandsins til þess að vera stjórninni og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs til ráðuneytis um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsmenn

Samband íslenskra sveitarfélaga, Lánasjóður sveitarfélaga og Bjargráðasjóður eiga saman 5. hæð í húseigninni að Borgartúni 30 í Reykjavík og reka þar starfsemi sína og skipta með sér kostnaði í samræmi við samstarfssamning þeirra í milli. Framkvæmdastjóri sambandsins er jafnframt framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs, en sérstakur framkvæmdastjóri er hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Allir starfsmenn eru skráðir starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, en samstarfsstofnanir sambandsins greiða hluta kostnaðar við starfsmannahald með mánaðarlegum greiðslum. Í desember 2008 voru starfsmenn 24 í 22,1 stöðugildi, 16 konur og 8 karlar. Að auki var einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Á árinu lét Þórður Skúlason framkvæmdastjóri af störfum og í hans stað var ráðinn Karl Björnsson, sem áður var sviðsstjóri kjarasviðs. Í hans stað var ráðin Inga Rún Ólafsdóttir. Að auki var Lúðvík E. Gústafsson ráðinn á lögfræðisvið en hann er sérfræðingur sambandsins í úrgangsmálum. Berglind Eva Ólafsdóttir fór í fæðingarorlof í nóvemberbyrjun.

Starfsmenn sambandsins í desember 2008:

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri
Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatssérfræðingur
Dóróthea Jóhannsdóttir sérfræðingur
Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur
Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur
Kristinn J. Kristjánsson sérfræðingur

Lögfræðisvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri
Jana Friðfinnsdóttir lögfræðingur
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri
Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri
Birgir L. Blöndal deildarstjóri
Guðbjörg Karlsdóttir, ritari framkvæmdastjóra
Ingibjörg Hinriksdóttir þjónustufulltrúi
Jónína Eggertsdóttir, bókar- og launafulltrúi
Ragnheiður Snorradóttir ritari
Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri
Anna Margrét Guðjónsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu
Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi

